

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 51/98
frá 29. maí 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 67/97 frá 4. október 1997⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/467/EB frá 24. október 1995 um framkvæmd 2. mgr.
20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um byggingarvörur⁽²⁾, ákvörðun
framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB frá 4. október 1996 um samantekt skrár yfir vörur sem
falla undir flokk A „Stuðlar ekki að útbreiðslu elds“ sem kveðið er á um í ákvörðun
94/611/EB um framkvæmd 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um byggingarvörur⁽³⁾,
ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/161/EB frá 17. febrúar 1997 um aðferð við
staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins
89/106/EBE að því er varðar málmfestingar sem á að nota í steinsteypu til að festa léttu
byggingarhluta⁽⁴⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/176/EB frá 17. febrúar 1997 um
aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins
89/106/EBE að því er varðar smíðavið í burðarvirki og fylgihluti⁽⁵⁾ og ákvörðun

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 30, 5. 2. 1998, bls. 38 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 5, 5. 2. 1998, bls. 146.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 10. 11. 1995, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 267, 19. 10. 1996, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 62, 4. 3. 1997, bls. 41.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 73, 14. 3. 1997, bls. 19.

framkvæmdastjórnarinnar 97/177/EB frá 17. febrúar 1997 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar límdar málmfestingar í múrverk⁽⁶⁾ skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE) í XXI. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **395 D 0467:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/467/EB frá 24. október 1995 (Stjtið. EB nr. L 268, 10. 11. 1995, bls. 29),
- **396 D 0603:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB frá 4. október 1996 (Stjtið. EB nr. L 267, 19. 10. 1996, bls. 23),
- **397 D 0161:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/161/EB frá 17. febrúar 1997 (Stjtið. EB nr. L 62, 4. 3. 1997, bls. 41),
- **397 D 0176:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/176/EB frá 17. febrúar 1997 (Stjtið. EB nr. L 73, 14. 3. 1997, bls. 19),
- **397 D 0177:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/177/EB frá 17. febrúar 1997 (Stjtið. EB nr. L 73, 14. 3. 1997, bls. 24).”.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 95/467/EB, 96/603/EB, 97/161/EB, 97/176/EB og 97/177/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 73, 14. 3. 1997, bls. 24.

Gjört í Brussel 29. maí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Rítarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner